



Reykjavík, 18. október 2018
SFS2018050228
146. fundur
HG/sp

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Upplýsingar um kostnað vegna útvíkkunar félagsstarfs í Frosta.

Á fundi borgarráðs þann 6. september 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sbr. 35. lið fundargerðar borgarráðs frá 24. maí 2018 og 32. lið fundargerðar borgarráðs frá 30. ágúst 2018, ásamt umsögn skóla- og frístundasviðs frá 27. ágúst 2018. Óskað var eftir viðbótar upplýsingum um mögulegan kostnað við opnun félagsmiðstöðvar einu sinni í viku.

Áætlaður kostnaður við að manna eina kvöldopnun í viku fyrir unglunga í Skerjafirði er um það bil 3 milljónir kr á ársgrundvelli þ.e. frá skólabyrjun til skólaslita. Miðað er við að aðstoðarforstöðumaður Frosta hefði yfirumsjón með opnuninni ásamt tveimur starfsmönnum. Einnig er gert ráð fyrir tíma í undirbúning og utanumhald auk þátttöku í fræðslu og starfsmannafundum til jafns við annað starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar Frosta. Ef staðsetning yrði í aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar Hofs við Þorragötu þarf ekki að greiða húsaleigu en mögulega ef aðstaðan væri annars staðar en í húsnæði á vegum borgarinnar.

Gera þarf ráð fyrir ýmsum rekstrarkostnaði u.þ.b. 200 þúsund á ári og fjármagni fyrir almennri leigu á húsnæði fyrir starfseminu ef sá kostur væri valinn og standsetja þyrfti húsnæðið til að það sé hæft fyrir félagsmiðstöðvastarf með þeim tækjum og tólum sem til þarf, sjá Gátlista um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva (sjá hlekk að neðan) sem vísað er til í Viðmiðum og vísbindingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs (sjá einnig hlekk að neðan). Til lengri tíma litið þyrfti að huga að endurnýjun búnaðar og tilfallandi viðhaldskostnaði fyrir húsgögn og annað.

Hlekkir á efni sem vísað er í:

https://reykjavik.is/sites/default/files/gatlisti_um_husnaedi_felagsmidstodva_juni_2017_1.pdf
https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/vidmid_-_mat_i_fristundastarfi_utgafa_sept2015.pdf